



Grænt bókhald fyrir árið 2013
GMR endurvinnsla ehf.

Apríl 2014

Handwritten marks or initials in the bottom right corner.

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	30.04.2014	AG	AG	AG

[Handwritten signature]

Efnisyfirlit

1	Yfirlýsing stjórnar GMR endurvinnsla ehf.	3
2	Áritun endurskoðanda	4
3	Almennar upplýsingar	5
4	Umhverfisstefna	6
5	Lykiltölur	7


OF
SIA

1 Yfirlýsing stjórnar GMR endurvinnsla ehf.


Stjórn GMR endurvinnsla ehf. staðfestir hér með að tölur og upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram af bestu vitund starfsmanna GMR endurvinnslu ehf.

Engin teljandi umhverfisóhöpp urðu á tímabilinu.


Akranesi, 30 Apríl 2014.




Eyþór Laxdal Arnalds,
Stjórnarformaður



Stefán Arnar Þórisson,
Stjórnarmaður



Jón Ólafsson,
Stjórnarmaður



Bjarni Þór Óskarsson,
Stjórnarmaður

Birgir Þórisson,
Stjórnarmaður

2 Áritun endurskoðanda

GMR — Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu GMR endurvinnslu ehf. fyrir árið 2013. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum ~~Kratu~~ og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á framsettu gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2013, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson,
efnaverkfræðingur


3 Almennar upplýsingar

GMR endurvinnsla ehf. sinnir endurvinnslu á brotajárni.

Verksmiðjan endurvinnur á brotajárn í ljósbogaofni. Megin framleiðsla verksmiðjunnar er framleiða stálbita sem nota má sem straumteina og tindæfni í áliðnaðinn.

Framleiðslugetan er um 30 þúsund tonn. Hráefni sem er að notað er annars vegar stál frá álverksmiðjum hér á landi en hins vegar brotajárn.

Mynd 3.1 gefur yfirlit yfir framleiðsluferlið.



Mynd 3.1 Framleiðsluferill.

GMR endurvinnsla starfar samkvæmt gildandi starfsleyfi sem gefið var út 27.febrúar 2014 og gildir til 31.des 2025

GMR endurvinnsla ehf. er staðsett á Grundartanga, Tangavegi 7.

Í stjórn fyrirtækisins sitja, Eyþór Laxdal Arnalds, stjórnarformaður, Stefán Arnar Þórisson, Jón Ólafsson, Bjarni Þór Óskarsson og Birgir Þórisson. Framkvæmdastjóri er Arthur Guðmundsson.

Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

Handwritten signatures and initials in blue ink.